




Morgunblaðið, 10.06.2023, síðu 45.
grein stærð: 91.77 sm²
grein hæð: 8.96 sm

Úrval íslenskrar myndlistar á 21. öld

Stór yfirlitssýning á íslenskum listaverkum frá 21. öld úr safneign Listasafns Reykjavíkur verður opnuð laugardag 10. júní kl. 16 í Hafnarhúsi. Á sýningunni, sem nefnist *Kviksjá: Íslensk myndlist á 21. öld*, gefur að lita úrval af þeim verkum sem Listasafn Reykjavíkur hefur eignast síðustu tvo áratugi.

Verkin eru í tilkynningu sögð „gefa innsýn inn í þá breidd og þær áherslur sem hafa verið að mótast og gerjast í íslensku listalífi frá aldamótum 2000 til dagsins í dag“. Sýningarstjóri er Markús Þór Andrésson, deildarstjóri sýninga og miðlunar hjá Listasafni Reykjavíkur.

Valinn verður einn listamaður fyrir hvert ár 21. aldarinnar og tekur sýningin breytingum strax í haust þegar kviksjánni verður



Samtímalist Úr vídeóverki Ragnars Kjartanssonar *God* frá 2007.

snúið og nokkur verk víkja fyrir öðrum, „allt til þess gert að sýningin verði fjölbreyttari og gaman verði að sækja safnið heim aftur og aftur“. Meðal listamanna eru Ragnar Kjartansson, Elín Hansdóttir, Ólafur Eliásson, Gabriela Friðriksdóttir, Katrín Sigurðardóttir og Birgir Andrésson.